

# Kröfur til fyrirtækja í opinberum innkaupum - ýmis álitæfni

Dagmar Sigurðardóttir hdl. sviðsstjóri lögfræðisviðs Ríkiskaupa

# Ný lög um opinber innkaup nr. 120/2016

- ▶ Ný lög um opinber innkaup nr. 120/2016
- ▶ Innleiðing á tilskipun ESB um opinber innkaup nr. 24/2014
- ▶ Innkaup opinberra aðila hátt í 300 milljarðar á ári.
- ▶ Tryggja þarf gegnsæi, jafnræði og koma í veg fyrir mismunun.
- ▶ Fyrirsjáanleiki.

# Athugasemdir við útboðsskilmála

- ▶ Nauðsynlegt að gera athugasemdir sem fyrst - helst áður en fyrirspurnarfrestur er liðinn.
- ▶ Of seint að breyta útboðsskilmálum þegar svarfrestur er liðinn.
- ▶ Kæra skal innan 20 daga frá því að kærandi vissi um eða mátti vita um þá ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem hann telur brjóta gegn réttindum sínum (106. gr. OIL).
- ▶ Kærufrestur 30 dagar ef krafist er óvirkni samnings.
- ▶ Ef kært innan lögboðins 10 daga biðtíma skv. 86. gr. er gerð samnings óheimil þar til kærunefnd útboðsmála hefur endanlega leyst úr kærinni (107. gr. OIL).

# Útboðsskilmálar - leikreglur útboðs

- ▶ Mikilvægt að lesa útboðsskilmála vel.
- ▶ Mismunandi innkaupaferli og mismunandi leikreglur.
- ▶ Hlutverk kærunefndar að skera úr um hvort útboðsskilmálar eru í samræmi við OIL.
- ▶ Óheimilt að semja við fyrirtæki í kjölfar útboðs ef það uppfyllir ekki hæfiskröfur, jafnvel þótt tilboð sé mjög hagstætt.
- ▶ Jafnræði bjóðenda - 1. og 15. gr. OIL.

# Tæknileg og fjárhagsleg geta

- ▶ Gæta þarf meðalhófs í framsetningu krafna um fjárhagslega og tæknilega getu. Matsatriði hverju sinni.
- ▶ Úrskurður kærunefndar útboðsmála nr. 4/2015 - endurskoðaður ársreikningur.
- ▶ Var því fallist á það með opinbera aðilanum að mikilvægt hafi verið að áreiðanlegar upplýsingar lægju fyrir um fjárhag bjóðenda.
- ▶ Kröfur metnar hverju sinni í ljósi samnings sem boðinn er út.

# Hæfisskilyrði

- ▶ Hæfisskilyrði 68.-75. gr. OIL
- ▶ Útilokunarástæður 68. gr. OIL - nýmæli að heimilt er að útiloka fyrirtæki vegna fyrri annmarka á framkvæmd opinbers samnings.
- ▶ Fjárhagstaða bjóðanda - 71. gr. OIL
- ▶ Tæknileg og fagleg geta - 72. gr. OIL
- ▶ Ný reglugerð reglugerð nr. [955/2016](#) um kröfur á sviði opinberra innkaupa um upplýsingar sem koma eiga fram í auglýsingum og öðrum tilkynningum og gögn til að sannreyna efnahagslega og fjárhagslega stöðu og tæknilega getu.

# Samtal kaupenda og fyrirtækja

- ▶ Athugasemdir við útboðsskilmála - á fyrirspurnarfresti. Upplýsingar frá fyrirtækjum til kaupenda.
- ▶ Undanfarandi markaðskannanir - 45. gr. OIL
- ▶ Ráðgjöf frá fyrirtækjum og sjálfstæðum sérfræðingum.
- ▶ Ráðgjöf notuð til að skipuleggja innkaupaferli.
- ▶ Skilyrði að samkeppni sé ekki raskað.
- ▶ Reyna á að koma í veg fyrir að undanfarandi ráðgjöf valdi vanhæfi fyrirtækis sem veitir hana - 46. gr.

# Vistferilskostnaður - umhverfisvernd

- ▶ Vistvæn innkaup - áhersla nýrra OIL.
- ▶ Samvinna kaupenda og fyrirtækja að umhverfisvernd.
- ▶ Frumkvæði fyrirtækja.
- ▶ Sérstakt ákvæði um vistferilskostnað í 80. gr. OIL.
- ▶ Besta hlutfall milli verðs og gæða.



# Takk fyrir

- ▶ Opinn fundur um opinber innkaup 12. janúar 2017
- ▶ Samtök iðnaðarins
- ▶ Dagmar Sigurðardóttir hdl. sviðsstjóri lögfræðisviðs Ríkiskaupa